

## **Samþykkt um starfsþróun, námsorlof og rannsóknir í skólastarfi**

Sjötta þing KÍ haldið 1. – 4. apríl 2014 telur brýnt að tækifæri og framboð til starfsþróunar / símenntunar verði aukin til mikilla muna og réttindi og möguleikar félagsmanna KÍ til að stunda starfsþróun / símenntun jafnt á starfstíma skóla sem utan hans verði tryggð mun betur en nú er gert. Taka þarf í þessu samhengi tillit til bæði þarfa og óska einstaklinga og þróunar og stefnu hvers skóla / skólasamfélags. Innleiðing nýrrar menntastefnu krefst aukinnar símenntunar og þjálfunar starfsmanna skóla og því er afar nauðsynlegt að hlúa vel að þessum málaflokki nú sem aldrei fyrr. Einnig þarf að auka möguleika félagsmanna til launaðra námsorlofa og til þess að stunda rannsóknir samhliða störfum sínum í skólunum.

Brýnt er að auka menntarannsóknir á öllum skólastigum og efla þátttöku Íslands í alþjóðlegum rannsóknum sem hingað til hafa að mestu einskorðast við grunnskólastigið. Mikilvægt er að ýta undir og greiða fyrir þátttöku félagsmanna KÍ í menntarannsóknum. Þingið skorar á yfirvöld menntamála og vinnuveitendur að veita auknum fjármunum og gera allt til að efla þennan mikilvæga þátt sem er ein megin undirstaða þess að kennsluhættir og skólastarf þróist í takt við núverandi löggjöf og áherslur í skólastarfi. Efling þessa málaflokks er ein lykilforsenda skólaþróunar á Íslandi.